



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangout - 5.7.2016 kl. 18:00

**Mætt:**

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR)

**Fjarverandi:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Erindi frá keppnisráði í sandspyrnu - Breyting á flokkaskilgreiningu

Stjórn leggur til að eftirfarandi verði bætt inn í reglur í sandspyrnu:

**Fjöldaframleiddir buggy bílar (FB)**

Fjöldaframleiddir "buggy bílar" þannig að

- vél og umsjónarkerfi (ECU) eru upphafleg
- upphafleg fjöðrun
- upphafleg girkassi, drif og drifhlutföll
- óskorin DOT merkt dekk ætluð til götuaksturs
- tími í brautinni meiri en aa:bb sek.

Allir fjöldaframleiddir "buggy bílar" sem ekki standast ofangreint verða að vera með öryggisbúr og öryggisbúnað til samræmis við staðla FIA og munu keppa í flokki (B)

### 2. Erindi frá Guðmundi Inga Arnarsyni vegna upptöku með dróna

Stjórn samþykkir að veita umbeðna heimild til upptöku á akstursípróttum á þessu keppnistímabili. Tilvísun: 2016-TV-1009.

### 3. Fundir með keppnisráðum

Samþykkt að keppnisráð sendi mánaðarlegar skýrslu um starfsemina í liðnum mánuði, jafnvel þó lítið sem ekkert hafi verið gert.

### 4. Sameiginlegt sniðmát AKÍS og MSÍ vegna fréttamanna (ljósmyndara) á keppnum

Rætt um tillögu að sameiginlegu sniðmáti sem ljósmyndarar og blaðamenn skrifuðu undir vilji þeir vera nær keppni en venjulegir áhorfendur. Rætt hefur verið við MSÍ um tillöguna.

ÞA og TMB vinna að reglum um ljósmyndara út frá því sem Ástralir hafa gert.



**5. Fundur með öryggisfulltrúum á torfærukeppnum.**

Ákveðið að standa fyrir kennslu um ábyrgð og skyldur öryggisfulltrúa á akstursípróttakeppnum, til dæmis hvar áhorfendur eru, starfsmenn og svo framvegis.

**6. Önnur mál**

**a) Öryggisfulltrúar** - Rætt um hvernig fara eigi með kostnað skipi AKÍS öryggisfulltrúa, dómnefndarmenn eða aðra starfsmenn.

Ákveðið að keppnishaldari greiði kostnað vegna ferða og upphalds eins og við á ásamt skrifstofukostnaði AKÍS.